Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið vekur athygli á eftirfarandi:

Með ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, dags. 19. mars 2020, var sveitarstjórnum veitt heimild til að víkja frá tilteknum ákvæðum sveitarstjórnarlaga til að tryggja starfshæfi sitt og auðvelda ákvarðanatöku við stjórn sveitarfélags, á grundvelli VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga.

Með auglýsingu, dags. 11. ágúst 2020, var heimildin framlengd þrjá mánuði eða til 10. nóvember nk. Í ljósi hertra samkomutakmarkana og að viðhöfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hefur ráðherra framlengt ofangreinda heimild í fjóra mánuði til viðbótar eða til 10. nóvember 2021. Auglýsing þess efnis hefur verið birt í Stjórnartíðindum.

Bestu kveðjur,
Jóhanna Sigurjónsdóttir

**Jóhanna Sigurjónsdóttir, sérfræðingur / Special Adviser**
Skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála / Department of Local Government and Regional Affairs
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti / Ministry of Transport and Local Government
Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8200
www.samgonguraduneyti.is - Fyrirvari/Disclaimer